

---

## 36. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 6. apríl 2017 kl. 08:10.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Móttökudeild
2. Starfshópur á vegum Hafnarfjarðarbæjar vegna neyslu ungmenna á marjúána
3. Lækjarsel og Vitinn
4. Félagslíf nemenda
5. Önnur mál

#### 1. Móttökudeild

Breyting verður á starfi móttökudeildar Lækjarskóla fyrir nýbúa þar sem leggja á deildina niður. Á næsta skólaári munu 12 nemendur sem núna eru í 9. bekk, þó ljúka sínu námi í skólanum. Aðrir nýbúar fara í sína heimaskóla og hælisleitendur fara í Hvaleyrarskóla.

#### 2. Starfshópur á vegum Hafnarfjarðarbæjar vegna neyslu ungmenna á marjúána

Forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar fjallaði um málið. Árlega er gerð könnun meðal nemenda í 8.-10 bekkjum. Í fyrra kom fram aukning á neyslu í nokkrum skólum. Starfshópur með fulltrúum úr öllum skólum bæjarins skoðar hverju þetta sætir og hvernig á að bregðast við. Reykingar og áfengisneysla hefur undanfarin ár verið lítil sem engin. Verið er að fara yfir málið og skoða næstu skref. Hafnarfjarðarbær hefur verið með ýmis forvarnarverkefni í gangi.

#### 3. Lækjarsel og Vitinn

Verkefnisstjóri frístundaheimilisins Lækjarsels og félagsmiðstöðvarinnar Vitans fór yfir stöðu sinnar deildar.

Erfiðlega gengur að ráða starfsfólk í frístundaheimilið.

Í dag er boðið upp á að skrá börn í frístundaheimilið frá 13:10-17:00 en það þyrfti að verða meiri sveigjanleiki í boði fyrir foreldra, val um styttri tíma og meiri fjölbreytni.

Frístundaráð er áhugasamt um samvinnu við íþróttafélögin. Þá geta yngri börnin iðkað sínar íþróttir hjá íþróttafélögunum á daginn. Annað yrði í boði fyrir þau börn sem verða eftir í frístundarheimilinu.

#### 4. Félagslíf nemenda

Mikil stemning er fyrir árshátíðinni. Góð virkni hefur verið í félagsmiðstöðinni í vetur.

Nemendur lýstu yfir ánægju með starfsfólk Vitans. Skólahreysti gekk vel, sem er skemmtilegur viðburður en huga þarf að auknum og markvissari undirbúningi.

Bingó verður á morgun sem er fjáröflun fyrir útskriftaferð 10. bekkja.

Árshátíð var haldin fyrir 5. og 6. bekk þar sem 30-40 nemendur mættu.

## 5. Önnur mál

- Eðlisfræðistofan verður notuð að hluta til sem almenn kennslustofa eða sérkennslustofa næsta vetur. Hún hefur verið mikið notuð fyrir sérkennslu í vetur.
- Utanaðkomandi aðili verður fenginn til þess að taka út skólahúsið til þess að athuga hvort mygla finnist í húsnæðinu. Reglulega er skipt um síur í loftræstikerfinu, eða tvisvar sinnum á ári sem er helmingi oftari en ráð var fyrir gert.
- Svifryksmæling og brennisteinsrannsóknir vegna loftgæða hafa verið gerðar og hafa niðurstöður komið vel út. Þó hafa aðilar sem eru viðkvæmir fyrir slíku fundið fyrir einhverjum óþægindum.
- Foreldrafélagið ætlar að styrkja skólann um áhöld til náttúrufræðikennslu.
- Foreldrafélagið ætlar að styrkja skólann með því að bjóða öllum nemendum unglingsdeildar á leiksýninguna Þörupilta í Borgarleikhúsinu, en sýningin er um kynfræðslu.
- Yfirvöld hafa ákveðið að Fjölgreinadeildin verði starfrækt áfram.

Fundi slitið kl. 09:30

### Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri  
Jórunn Kristín Fjelsted, fulltrúi foreldra  
Geir Bjarnason, fulltrúi grendarsamfélags  
Hildur Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara  
Einar Örn Daníelsson, fulltrúi kennara  
Birta Guðný Árnadóttir, fulltrúi nemanda  
Guðrún Lilja Friðjónsdóttir, fulltrúi nemanda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir